

Sp.

233. Svar

[14. mál]

menntamálaráðherra vð fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um leiðbeinendur við kennslustörf.

1. Fjöldi leiðbeinenda.

	Grunnskólar	Framhaldsskólar
Reykjavík	41	158
Reykjanesumdæmi	101	48
Vesturlandsumdæmi	67	6
Vestfjarðumdæmi	82	30
Norðurlandsumdæmi vestra ...	82	6
Norðurlandsumdæmi eystra ...	141	34
Austurlandsumdæmi	95	20
Suðurlandsumdæmi	90	21
	<hr/>	<hr/>
Samtals	707	323

2. Fjöldi leiðbeinenda sem ráðnir voru í fyrsta sinn haustið 1987.

	Grunnskólar	Framhaldsskólar
Reykjavík	14	72
Reykjanesumdæmi	27	17
Vesturlandsumdæmi	11	3
Vestfjarðumdæmi	26	21
Norðurlandsumdæmi vestra ...	10	2
Norðurlandsumdæmi eystra ...	36	15
Austurlandsumdæmi	22	14
Suðurlandsumdæmi	16	6
	<hr/>	<hr/>
Samtals	162	150

3. Leiðbeinendur við kennslu samræmdra námsgreina.

Samtals kennda 74 leiðbeinendur samræmdar námsgreinar til grunnskólaprófs.

4. Áhrif kennaraskorts á námsframboð og námstilhögun.

A. GRUNNSKÓLAR

Reykjavík.

Í nokkrum grunnskólum hefur þurft að fella niður kennslu eða draga úr námsframboði vegna skorts á starfsmönnum. Er það einkum í myndmennt, tónmennt og heimilisfræði.

Reykjanesumdæmi.

Nokkuð vantar á að full kennsla sé í myndmennt, tónmennt, heimilisfræði og íþróttum og stafar það aðallega af skorti á aðstöðu.

Vesturlandsumdæmi.

Vegna kennaraskorts er heimilisfræði ekki kennd í þremur skólum og skert kennsla í þeirri grein er auk þess í sjö skólum. Íþróttakennsla er skert eða fellur alveg niður í fjórum skólum og tónmennt í sjö skólum.

Þá er raungræinakennd skert í einum skóla af þessum sökum.

Vestfjarðaumdæmi.

Erfitt er að svara um þetta umdæmi í smáatriðum þar sem í öllum grunnskólum í Vestfjarðaumdæmi hefur oft verið felld niður kennsla í ýmsum greinum, oft verið dregið úr námsframboði og oft þurft að breyta námstilhögun vegna skorts á sérhæfðum starfsmönnum.

Hægt væri að bæta úr þessu við stærstu skólana með meira framboði kennara, en við smærri skólana verður tæpast sinnt allri sérgreinakennslu af sérhæfðu fólki nema þá í námskeiðsformi.

Sem dæmi um námsgreinar, sem felldar hafa verið niður einstök ár eða að jafnaði, má nefna heimilisfræði, íþróttakennslu, handmennt, myndmennt og tónmennt.

Auk þess hefur í einstökum skólum orðið að fella niður kennslu í raungreinum og tungumálum um nokkurra mánaða skeið og allt upp í heilt skólaár hjá einstökum bekkjum.

Norðurlandsumdæmi vestra.

Í mörgum grunnskólum hefur orðið að draga saman kennslu í handmennt og tónmennt vegna skorts á kennurum í þessum greinum. Dæmi eru og um að kennsla hafi alveg fallið niður í þessum greinum af sömu ástæðu.

Þá fá nemendur skerta kennslu í raungreinum í tveimur skólum og í samfélagsgreinum í einum.

Norðurlandsumdæmi eystra.

Mjög víða fellur kennsla í tónmennt niður vegna kennaraskorts. Enn fremur hefur kennsla fallið niður í einstökum skólum í smíðum, eðlisfræði, líffræði, heimilisfræði og handmennt.

Austurlandsumdæmi.

Á nokkrum stöðum hefur orðið að fella niður eða skerða nám í eftirtöldum námsgreinum: íþróttum, tónmennt, myndmennt, hannyrðum og heimilisfræði.

Suðurlandsumdæmi.

Draga hefur þurft úr tónmennta- og íþróttakennslu í nokkrum tilfellum.

B. FRAMHALDSSKÓLAR

Í framhaldsskólum hefur ekki þurft að draga úr námsframboði eða fella niður kennslu vegna kennaraskorts.